

Priðjudaginn 12. október 1976.

Nr. 64/1975. Ábyrgð h/f

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Sigurði Þórðarsyni (enginn).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Endurkrafa váttryggingarfélags.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann þess, að stefndi greiði honum 100.000 krónur með 11% ársvöxtum frá 19. ágúst 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þegar mál þetta var þingfest fyrir Hæstarétti 2. júní 1975, var þing sótt fyrir stefnda, en ekki síðan. Hann hefur engar kröfur gert.

Staðfesta ber héraðsdóminn í máli þessu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. desember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. nóv. sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. október sl., af tryggingarfélaginu Ábyrgð h/f, Reykjavík, gegn Sigurði Þórðarsyni, Garðarsbraut 67, Garðahreppi, Gullbringusýslu, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 100.000 með 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 19. ágúst 1973 til greiðsludags og málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavexti kveður stefnandi þá, að þann 19. ágúst 1973 hafi

stefndi ekið bifreiðinni R 18452, eign Ingvars Haukssonar, suður Njarðargötu í Reykjavík viðstöðulaust inn á Sóleyjargötuna án þess að stöðva biðreið sína þar og vikja fyrir umferð um Sóleyjargötu, en stöðvunarskyldumerki sé þarna á gatnamótunum. Þessi akstur stefnda hafi valdið því, að hann ók bifreiðinni R 18452 á bifreiðina R 5987, sem þá var ekið norður Sóleyjargötu, og stórskemmdi hana. Þá segir í stefnu, að eigandi bifreiðarinnar R 18452 hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá stefnanda og að stefnandi hafi greitt allt tjón eiganda bifreiðarinnar R 5987, en heildartjónið hafi orðið kr. 437.568.

Endurkröfunefnd hefur haft mál þetta til meðferðar og ákveðið að heimila að endurkrefja stefnufjárhæðina hjá stefnda.

Í skýrslu stefnda, sem lögreglan í Reykjavík tók af honum á vettvangi, kveðst hann hafa hugað að umferð frá hægri og síðan ekið áfram og lent þá á bifreiðinni R 5987, sem ekið hafi verið norður Sóleyjargötu. Kvaðst hann hafa haldið, að engin umferð væri úr þeirri átt eftir breytinguna, sem þarna var gerð, er umferðarljós komu á Njarðargötu og Hringbraut. Eins kvaðst öku- maður hafa haldið, að stöðvunarskylda við gatnamótin væri ekki lengur.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Orsök umrædds áreksturs er að rekja til gáleysis stefnda. Þegar virt er skýrsla hans og framkomin gögn í málinu, þykir þó var- hugavert að telja, að stefndi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 73. gr. umferðarlaganna. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminn kvað upp Stefán Már Stefánsson.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Þórðarson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, tryggingarfélagsgins Ábyrgðar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
